



Hvað er 7. Rannsóknaráætlun ESB? Umsóknarferlið og hugmyndavinnan

Þann 8. janúar 2009 mun Þekkingarsetur Vestmannaeyja í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands standa fyrir námskeiði um umsóknarferli Sjöunda Rannsóknáætlunar ESB. Kennari verður Dr. Sigurður G. Bogason en hann þekkir vel til atvinnulífsins í Vestmannaeyjum og starfar sem framkvæmdastjóri hjá MarkMar ehf. sem er rannsóknafyrirtæki sem veitir þjónustu við gerð umsókna.

Efni námskeiðsins:

- * Hvað er Sjöunda rannsóknáætlun ESB?
- * Umsóknarferlið og hugmyndavinnan.
- * Val samstarfsaðila og fjárhagur verkefna.
- * Ritun og frágangur umsókna .
- * Rafræn skil á umsókna - EPSS.
- * Samningaferlið og ræsing verkefnis.
- * Rekstur verkefnis.

Námskeiðið fer fram milli kl. 10:00 - 15:00 hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja, Strandvegi 50, 3ju hæð. Þátttakendur skulu senda skráningu á netfangið pmj@eyjar.is fyrir kl. 16.00 þriðjudaginn 6. janúar. Námskeiðsgjald er kr. 12.500 og innifalin eru námskeiðsgögn og kaffiveitingar og hádegissnarl. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

Munið að skrá ykkur fyrir kl. 16.00 þann 6. janúar 2009.